

Gallaður hestur eða gallað prógramm?

Höfundur: Linda Karen

Netfang: lindakaren@847.is



Hestamennskan er endalaus lærdómur. Fræðin eru svo víðfem að maður getur aldrei kallast útskrifaður. Að læra góð samskipti við hestinn er yfirleitt erfiðast enda mætast tveir ólíkir hugarheimar sem þurfa að vera takt við hvorn annan. Mér langar að deila með ykkur reynslu minni af eigin hesti sem ég átti í miklum samskiptavanda með en hann var bæði kargur og erfiður í reið. Aðalvandamál mitt var að í fávisku minni tók ég hegðun hestsins persónulega og taldi að hann væri vísvitandi að hefna sín á mér.

Svarti sauðurinn

Hesturinn Heimir, eða letihaugurinn eins og hann var kallaður, var seldur með skömm að vorlagi af ræktanda sínum til áhugakonu í Reykjavík. Konan sú setti hann á sölu um haustið og ég skoðaði gripinn þar sem hann var staddur í hagagöngu. Þegar ég kom gekk þessi líka sláandi fallegi rauðblesótti foli á mótí mér. Hesturinn hreyfði sig af góðum þokka og var vægast sagt vel ættaður, undan Kraflari frá Miðsitju og Vordísi frá Sandhólaferju. Hann var síðasta afkvæmi þessarar gæðingamóður sem gaf m.a. gæðinga eins og Adam og Eydísi frá Meðalfelli. Ég ákvað að slá til. Heimir var rétt reiðfær, full rólegur kannski en algert gæðablóð. Þegar að tamningunni kom fór hann að sýna mikinn mótþróa á ákveðnum vegaköflum, mér til mikillar armæðu og óþolinmæði. Skuldinni var skellt á hestinn og taldi ég hann meingallaðan í skapinu og örverpi foreldra sinna. En það er ekki til gallaður hestur, bara gallað prógramm. Mínar þjálfunaraðferðir voru handahófskenndar og stjórnúðust oftar en ekki af skapferli mínu þann daginn. Stundum var ég þolinmóð en aðra daga skammaðist ég mikið í hestinum sem vissi aldrei hvar hann hefði mig. Hann var bæði hræddur og reiður undir mótþróanum þótt hann sýndi sjaldan hræðsluna vegna stolts. Þess vegna varð hesturinn kargari með hverjum deginum sem leið og allan tímann taldi ég að hann væri vísvitandi að láta illa. Ég var komin í vítahring vegna eigin fáfræði.

Kergjan uppljómun

Það sem mig grunaði ekki var að hesturinn stjórnaði ávallt af umhverfi sínu og því áreiti birtist þar. Hesturinn tengir einnig saman umhverfi og aðstæður við þær jákvæðu eða neikvæðu upplifanir sem þar gerðust. Vegna minninga um óréttlátar refsingar sýndi Heimir kergju á ákveðnum stöðum/umhverfi sem vöktu upp hjá honum reiði eða ótta. Hesturinn kom aldrei með neitt ígrundað útspil gagnvart mér eins og ég hélt, heldur svaraði hann umhverfinu eins og hann upplifði það. Þessi nýja vitneskja var mér mikil uppljómun og þakka ég henni fagmönnum eins og Benedikt Línal, Hólaskóla og Sigurbirni Bárðarsyni þótt þeir hafi aldrei sagt mér hlutina í eigin persónu heldur í gegnum kennslufni. Ég nýtti mér bæði bækur og myndbönd og fór á nokkra fyrirlestra sem opnuðu hug minn til að sjá og takast á við vandamálið. Mína eigin þjálfunaraðferð.

Hunsaði ranga hegðun

Ég ákvað að taka ábyrgð á gjörðum mínum og hætta að gera hestinn ábyrgan. Knapinn er alltaf sá sem er með tauminn og þessi mótþrói var öll mín sök. Hesturinn er óskrifað blað þar til tamning hefst og hann veit ekki hvað manninum finnst óæskileg eða æskileg hegðun. Það lærir hann ekki fyrr en hegðun hans er örðuð með hrósi eða minnkuð með refsingu. Ég sá að ég kunni alls ekki með refsingar að fara og að þær hentuðu alls ekki minni hestamennsku. Ég ákvað því að hunsa alla ranga hegðun og hætta þar með alveg að refsa. Þegar hesturinn sýndi mótþróu á reiðvegnum eða fyrir framan hesthúsið hætti ég að biðja hann um að halda áfram, hætti að rífast og skammast. Hinsvegar setti ég hann strax í annað verkefni eins og stöðvun eða kyssa ístöð. Fyrir það fékk hesturinn hrós og gjarna matarverðlaun sem hann fékk aldrei við annað tilefni. Ég svo það ég hestinn vingjarnlega um að fara áfram. Í flestum tilvikum svaraði hann jákvætt um leið. Ef hann svaraði ekki strax rétt hélt ég áfram í öðrum smáverkefnum í rólegheitunum þar til hann var tilbúinn til að leyfa mér að koma með sér í reiðtúr. Ég fór að uppræta minn eigin vítahring. Ég gaf sjaldan og lítið í einu af matarverðlaunum og í millitíðinni hrósaði ég með rödd eða stoku yfir bóg. Það gerði það af verkum að matarverðlaunin urðu eftirsóknarverðari. Hefði ég gefið of mikið hefðu þau á endanum hætt að vera hestinum sem verðlaun. Ég þurfti að gæta þess að sýna hestinum ávallt yfirvegaða kennarann sem aldrei missti stjórn á skapi sínu og var alltaf ánægður með frammistöðu hans. Stöðugleikinn gaf hestinum öryggiskennd og brátt fór jákvæðni að láta á sér kræla.

Ótæmandi gleði og verkvilji

Í hverjum reiðtúr bætti hesturinn sig sjálfviljugur og á endanum datt honum ekki til hugar að beygja þar sem honum sýndist eða standa fastur í sömu sporum. Öruggt og gott yfirferðartölt kom eins og hendi væri veifað en lengi hafði það verið vandamál. Auðvitað tengdist það allt saman því að ég hafði látið hann erfiða of mikið á tölti fyrir ekki neitt í staðinn. Vinir mínir voru gáttaðir á ótæmandi gleðinni og verkviljanum í hestinum sem þeir áður þekktu sem kargan og latan. Það að ég einbeitti mér eingöngu að jákvæðu hegðuninni í stað þeirrar

neikvæðu áður fékk hestinn til að vilja gera það sem ég vildi að hann gerði. Þar með var tilgangi tamningarinnar náð, að hestur og maður ferðast saman í fullkomnum samhljómi við hvorn annan. Tveir ólíkir hugir verða eitt. Það er alveg ótrúlegt hvað Heimur hefur breyst mikið á þeim vetri sem ég ákvað að taka á málunum. Úr körgum lettingja í frískan og léttleikandi gæðing.

Samskipti manns og hests eru sannarlega margslungin og vafalaust eiga fleiri samskiptavandamál eftir að angra okkur Heimi í framtíðinni. Gleymum ekki að leita okkur hjálpar hjá fagmönnum ef við erum í vanda áður en í óefni er komið. Hefði ég haldið áfram á sömu neikvæðu brautinni með hestinn hefði hann á endanum orðið hrekkjóttur. Látum ekki samskiptaörðugleikana verða að stærra vandamáli en þau eru og munum að vandamálin eru ekki óyfistíganleg, heldur skemmtileg áskorun til að læra af.

(Þessi grein birtist í [HESTAR](#) árið 2005)